

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 22. mars 1977

um að auðvelda lögmonnum að neyta réttar til að veita þjónustu

(77/249/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 57. og 66. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt sáttmálanum er ekki leyfilegt að loknu aðlögunartímabilinu að leggja höft á þjónustustarfsemi á grundvelli ríkisfangs eða búsetu.

Tilskipun þessi nær aðeins til ráðstafana er auðvelda lögmonnum að stunda þjónustustarfsemi. Nauðsynlegt er að grípa til ítarlegri ráðstafana til að auðvelda að staðfesturéttarins sé neytt.

Eigi lögmennt að geta neytt réttarins til að veita þjónustu verða gistiríki að viðurkenna sem lögmennt þá aðila er leggja stund á þessa starfsgrein í hinum ýmsu aðildarríkjum.

Þar eð tilskipun þessi nær einvörðungu til þjónustustarfsemi og hefur ekki að geyma ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum verður einstaklingur sem heyrir undir þessa tilskipun að taka upp það starfsheiti sem notað er í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu, hér eftir nefnt „aðildarríki sem hann kemur frá“.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Tilskipun þessi skal, innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilmálum sem hér eru settir, ná til starfsemi lögmannna á sviði þjónustustarfsemi.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar tilskipunar geta aðildarríkin bundið við ákveðna flokka lögmannna réttinn til að ganga frá skjölum sem hljóta opinbera staðfestingu og veita heim-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 103, 5. 10. 1972, bls. 19 og Stjútíð. EB nr. C 53, 8. 3. 1976, bls. 33.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 36, 28. 3. 1970, bls. 37 og Stjútíð. EB nr. C 50, 4. 3. 1976, bls. 17.

ild til að fara með dánarbú eða stofna til réttinda yfir fasteign eða til að fara með eigendaskipti af fasteign.

2. „Lögmaður“ merkir þann sem hefur leyfi til að stunda sérfræðistörf og kalla sig einu eftirtalinnna starfsheita:

<i>Belgía:</i>	Avocat — Advocaat
<i>Danmörk:</i>	Advokat
<i>Þýskaland:</i>	Rechtsanwalt
<i>Frakkland:</i>	Avocat
<i>Írland:</i>	Barrister Solicitor
<i>Ítalía:</i>	Avvocato
<i>Lúxemborg:</i>	Avocat-avoue
<i>Holland:</i>	Advocaat
<i>Breska konungsríkið:</i>	Advocate Barrister Solicitor.

2. gr.

Að því er varðar starfsemina sem 1. mgr. 1. gr. tekur til viðurkenna aðildarríkin sérhvern þann sem talinn er upp í 2. mgr. þeirrar greinar sem lögmann.

3. gr.

Sérhver einstaklingur sem 1. gr. tekur til skal nota starfsheiti sitt á því máli eða einu af þeim málum aðildarríkisins sem hann kemur frá og auk þess greina fagfélagið sem hann tilheyrir eða þann dómstól sem hann hefur rétt til að mæta fyrir samkvæmt lögum þess ríkis.

4. gr.

1. Í öllum gistiríkjum skal stunda starfsemi er varðar fyrirsvar skjólstaðings í málarekstri eða frammi fyrir stjórnvöldum samkvæmt þeim skilmálum sem lögmonnum er hafa staðfestu í því ríki eru settir, að undanskildum skilyrðum um búsetu eða skráningu í fagfélag í því ríki.

2. Við starfsemi af þessu tagi skal lögmaður virða þær starfsreglur sem gilda í gistiríkinu, jafnframt því sem hann er háður þeim skyldum sem á hann eru lagðar í aðildarríkinu sem hann kemur frá.

3. Þegar starfsemi af þessu tagi er stunduð í Breska konungsríkinu merkir „starfsreglur sem gilda í gistiríkinu“ þær reglur sem gilda um „solicitors“ enda hafi ekki „barristers“ eða „advocates“ einir rétt til slíkrar starfsemi. Í öðrum tilvikum gilda starfsreglur sem eiga við hina síðartöldu. Um „barristers“ frá Írlandi gilda hins vegar ætíð sömu starfsreglur og gilda í Breska konungsríkinu um „barristers“ og „advocates“.

Þegar starfsemi af þessu tagi er stunduð á Írlandi merkir „starfsreglur sem gilda í gistiríkinu“, að því leyti sem þær eiga við munnlegan málflutning fyrir rétti, þær reglur sem gilda um „barristers“. Í öllum öðrum tilvikum skulu starfsreglur „solicitors“ gilda. Um „barristers“ og „advocates“ frá Breska konungsríkinu gilda hins vegar ætíð sömu starfsreglur og gilda á Írlandi um „barristers“.

4. Við aðra starfsemi en þá sem um getur í 1. mgr. er lögmaður einnig háður þeim skilyrðum og starfsreglum sem gilda í aðildarríkinu sem hann kemur frá, jafnframt því sem hann er háður þeim reglum sem gilda fyrir lögmannastéttina í gistiríkinu, hvaðan sem þær eru komnar, og varða einkum það að lögmannsstarf samrýmist ekki öðrum störfum í því ríki, þagnarskyldu, tengsl við aðra lögmenn, bann við því að sami lögmaður aðstoði aðila með andstæða hagsmuni svo og auglýsingar. Því aðeins verður þessum reglum beitt að unnt sé fyrir lögmann sem ekki hefur staðfestu í gistiríkinu að fara eftir þeim og aðeins í þeim mæli sem krafan um að fara eftir þeim sé sett fram til að tryggja gæði lögmannsstarfanna, stöðu starfsgreinarinnar og að farið sé eftir reglum um ósamrýmanleg störf.

5. gr.

Aðildarríki getur krafist þess að því er varðar starfsemi sem lýtur að mætingu og vörn fyrir skjólstaðing fyrir rétti að þeir lögmenn sem taldir eru í 1. gr.:

- séu kynntir fyrir forseta réttarins og jafnvel formanni lögmannafélagsins í gistiríkinu, eftir því sem reglur og venjur á viðkomandi stað segja fyrir um;
- starfi annaðhvort í samvinnu við lögmann sem starfar fyrir viðkomandi yfirvaldi á sviði dómgæslu og sem, gerist þess þörf, ber ábyrgð gagnvart umræddu yfirvaldi

á sviði dómgæslu eða með „*avoue*“ eða „*procuratore*“ sem starfar fyrir viðkomandi yfirvald.

6. gr.

Aðildarríki getur synjað lögmönnum sem gegna launuðu starfi við opinbert fyrirtæki eða einkafyrirtæki um að iðka starfsemi er hefur í för með sér fyrisvar fyrir það fyrirtæki við málarekstur að því leyti sem lögmenn með staðfestu í því ríki hafa ekki leyfi til að stunda starfsemi af þessu tagi.

7. gr.

1. Lögbært yfirvald gistiríkisins getur krafist þess að einstaklingurinn sem veitir þjónustuna færi sönnur á menntun sína og hæfi sem lögmaður.

2. Ef þær skyldur sem um getur í 4. gr. og gilda í gistiríkinu eru fyrir borð bornar skal lögbært yfirvald í því ríki ákvarða í samræmi við eigin reglur og starfsaðferðir afleiðingar við slíku broti og geta í því skyni aflað hvers kyns upplýsinga er varða sérfræðistörf þess einstaklings sem þjónustuna veitir. Það skal tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem viðkomandi kemur frá um þær ákvarðanir sem teknar eru. Slík upplýsingaskipti skulu ekki hafa áhrif á trúnað þann sem ríkir um upplýsingarnar sem þannig eru veittar.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

Judith HART

forseti.